

3. Framtíðaráskoranir í bankakerfinu

3.1. Sala á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Endursöluhlutverk Bankasýslu ríkisins

Þegar fram líða stundir mun endursöluhlutverk Bankasýslu ríkisins, þ.e. endurheimtur á fjárframlögum ríkisins til fjármálafyrirtækja, verða fyrirferðarmeira. Þetta hlutverk er skýrlega afmarkað í Bankasýslulögnum, en skv. i-lið 4. gr. er eitt af verkefnum stofnunarinnar „[a]ð gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði með hliðsjón af markmiðum stofnunarinnar“, og skv. j-lið 4. gr. „[a]ð undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Það er stefna Bankasýslu ríkisins að stuðla að fjölbreyttu eignarhaldi fjármálafyrirtækja við sölu á þeim. Bankasýslan stefnir jafnframt að því að hámarka arð ríkisins af fjárframlögum þess, með tilliti til áhættu. Stofnunin telur hyggilegt að ráðast fyrst í sölu minnstu eignarhluta, sem hún fer með, og selja síðar stærri eignarhluti, og þá jafnvel í nokkrum áföngum. Í þessu felst að fyrst verður ráðist í sölu eignarhluta í Íslandsbanka og Arion banka. Sala eignarhluta í Landsbankanum mun ekki hefjast fyrr en í fyrsta lagi árið 2013 og verður hún jafnvel framkvæmd í nokkrum áföngum. Bankasýslan hefur þegar hafið ráðstöfun á stofnfjárhlutum í sparisjóðunum, sbr. sölu rekstrar Sparisjóðs Svarfdæla. Skv. 9. gr. Bankasýslulaganna um lok starfsemi stofnunarinnar „skal [hún] hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá því að hún er sett á fót og verður hún þá lögð niður“, enda ná núverandi endursöluáætlanir Bankasýslu ríkisins ekki lengra en til ársins 2014, sbr. meðfylgjandi töflu.

Tafla 2: Hugmyndir um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Fjármálafyrirtæki	Eignarhlutur	Árið 2012		Árið 2013		Árið 2014	
		Fyrri hluti	Síðari hluti	Fyrri hluti	Síðari hluti	Fyrri hluti	Síðari hluti
Sparisjóðirnir	49,5-90,9%						
Íslandsbanki	5,0%						
Arion banki	13,0%						
Landsbankinn	81,3%						

Þann 29. mars sl. var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Skv. 1. gr. lagafrumvarpsins yrði fjármálaráðherra heimilt að selja að öllu leyti eða að hluta eftirfarandi eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, að fengnum tillögum frá Bankasýslu ríkisins, skv. i- og j-lið 1. mgr. 4. gr. Bankasýslulaganna: Allan eignarhlut ríkisins í Arion banka, allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, eignarhlut ríkisins í Landsbankanum umfram 70% hlut þess af heildarhlutafé bankans og alla eignarhluti ríkisins í sparisjóðum.

Með fjárframlögum í kjölfar hrunsins eignaðist íslenska ríkið eignarhlutina í tilgreindum fjármálafyrirtækjum. Þrátt fyrir ofangreindar hugmyndir um sölu eignarhluta, telur Bankasýsla ríkisins mikilvægt að hefja ekki sölu þeirra fyrr en horfur á fjármálamarkaði og rekstrarumhverfi bankanna séu orðin viðunandi. Þegar hugað er að aðferðum við endursölu getur einnig verið lærdómsríkt að líta á tilhögun á endursölu eignarhluta annarra ríkja, sem voru í svipaðri stöðu og íslenska ríkið nú, svo og til sölu-tilhögunar íslenska ríkisins á gömlu ríkisbönkunum á árunum 1997-2003.

Sala á eignarhlutum íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum 1997-2003

Inngangur

Sala fjármálastofnana í ríkiseigu hófst formlega árið 1997, er samþykkt voru lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Einnig var Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (FBA) stofnaður með lögum nr. 60/1997. FBA tók til starfa 1. janúar 1998, en hann var stofnaður á grunni fjögurra innlendra fjárfestingarlánasjóða í eigu ríkisins, Fiskveiðisjóðs Íslands, lðnlánasjóðs, Útflutningssjóðs og lðnþróunarsjóðs. Á þessum tíma, líkt og nú, voru engir viðskiptabankar skráðir á hlutabréfamarkað, og því ekki hlaupið að því að ákveða söluverð á eignarhlutina í framangreindum fjármálafyrirtækjum.

Verðmat

Oft er horft á verð viðskiptabanka m.t.t. eigin fjár. Fræðilega er unnt að leysa upp fyrirtæki eins og viðskiptabanka, selja eignir og greiða skuldir, og endurgreiða því næst eigið fé til eigenda. Ef verð viðskiptabanka á hlutabréfamarkaði er 1,0x á framangreindum mælikvarða, er markaðsverðið jafnt bókfærðu eigin fé.

Segja má að forsendulaust, eða „blint“, virði hlutabréfa viðskiptabanka jafnist bókfærðu eigin fé þeirra. Ef markaðsverð er hærra, er verið að gefa sér forsendur um vöxt eða batnandi rekstrarskilyrði. Ef uppsett verð er lægra, er hins vegar verið að gefa sér forsendur um samdrátt eða versnandi rekstrarskilyrði. Sjá má verð evrópskra viðskiptabanka m.t.t. til eigin fjár á næstu mynd. Á myndinni sést að framangreint hlutfall hefur sveiflast mikið í gegnum tíðina, þannig hafa væntingar markaðsaðila um vöxt og rekstrarskilyrði á fjármálamarkaði breyst mikið undanfarin 15 ár. Á árunum 1997 til 2001, þ.e. á þeim tíma sem sala eignarhluta ríkisins var að hefjast, var verð viðskiptabanka m.t.t. eigin fjár á bilinu 2,0x til 3,0x, á árunum 2001 til 2008 1,5x til 2,0x, og á árunum 2008 til 2012 0,5x til 1,0x.

Mynd 1: Verð viðskiptabanka í Evrópu sem margfeldi af bókfærðu eigin fé árin 1997-2012



Heimild: Factset

Sala FBA 1998 til 1999

Í október 1998 var almenningi boðið að kaupa 49,0% eignarhluta ríkisins í FBA með áskriftarfyrirkomulagi. Söluandvirði hlutarins var um 4.665 m.kr. Meðalstaða eigin fjár FBA var 8.444 m.kr. árið 1998 og var verð m.t.t. eigin fjár því 1,13x. Verðið á hlut ríkisins sem seldur var til almennings var því nokkuð yfir verðmæti eigin fjár. Ef hluturinn hefði verið seldur á bókfærðu virði eigin fjár hefði verðið verið 4.138 m.kr.

Tafla 3: Sala á eignarhlutum ríkisins í FBA 1998 til 1999 (m.kr.)

Ár	Hluttur	Söluverð	Meðalstaða eigin fjár	Verð jafnt eigið fé	Verð FBA m.t.t. eigin fjár	Verð m.t.t. eigin fjár í bönkum á Norðurlöndum	Verð m.t.t. eigin fjár í bönkum í Evrópu
Okt. 1998	49%	4.665	8.444	4.138	1,13x	1,97x	2,66x
Nóv. 1999	51%	9.730	9.089	4.635	2,10x	1,73x	2,83x
Samtals		14.394		8.773	1,64x		

Heimild: Ársreikningar FBA 1998-1999, Ríkisendurskoðun, Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003, desember 2003. Fréttir frá Kauphöllinni

Hins vegar var söluverðið nokkuð undir markaðsverði banka í Evrópu og á Norðurlöndunum, eins og má sjá í töflunni hér á undan. Meðalverð á bönkum m.t.t. eigin fjár á Norðurlöndunum var 1,97x og 2,66x í Evrópu árið 1998. Sumarið 1998 höfðu sparisjóðirnir komið og óskað eftir að kaupa FBA á 8,5 ma.kr. eða á u.þ.b. jafnvirði eigin fjár bankans eða undir markaðsverði banka í Evrópu og á Norðurlöndunum.

Síðari hluti sölnunnar á eignarhlut ríkisins í FBA, þ.e. 51,0% hlut, fór fram með útboði, þar sem öllum var heimilt að gera tilboð í hlut ríkisins í bankanum, en þó voru takmarkanir varðandi tengda aðila. Töluvert hærra verð fékkst fyrir hlutinn en þann hlut sem seldur var með áskriftarfyrirkomulagi. Söluandvirði hlutarins var um 9.730 m.kr. og nam verðið nú, sem hlutfall af bókfærðu eigin fé, 2,1x. Verðið var því rúmlega tvöfalt hærra en eigin fé og í samræmi við verð banka í nágrennalöndum.

Sala Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands 1998 til 2003

Í lögum nr. 50/1997 var heimilað útboð á nýju hlutafé til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Haustið 1998 fór fram útboð á nýju hlutafé að nafnvirði 1.000 m.kr. eða 15,4% í Landsbanka Íslands og nam þá heildarhlutafé í bankanum 6.500 m.kr., eftir útgáfuna. Hluti var seldur til starfsmanna, hluti til almennings með áskriftarfyrirkomulagi og hluti seldur með tilboðssölu. Söluandvirði 15,4% hlutarins var 1.900 m.kr. Meðalstaða eigin fjár Landsbanka Íslands var 8.394 m.kr. árið 1998 og var verð m.t.t. eigin fjár því 1,47x.¹

Á sama tíma fór fram útboð á nýju hlutafé í Búnaðarbanka Íslands að nafnvirði 600 m.kr., eða 14,6%, og nam þá heildarhlutafé í bankanum 4.100 m.kr. Tæplega helmingur útboðsfjárhæðarinnar eða 250 m.kr. að nafnvirði var seldur starfsmönnum og lífeyrissjóði starfsmanna. Afgangurinn var boðinn almenningi til kaups með áskriftarfyrirkomulagi, líkt og gert hafði verið í sölnunni á FBA og Landsbanka Íslands. Söluandvirði 14,6% hlutarins var um 1.068 m.kr. Meðalstaða eigin fjár Búnaðarbanka Íslands var 5.272 m.kr. árið 1998 og var verð m.t.t. eigin fjár því 1,38x. Líkt og í tilfelli FBA var söluverð Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands árið 1998 nokkuð yfir verðmæti eigin fjár, en undir markaðsverði banka á Norðurlöndum og í Evrópu, eins og sjá má í töflu 3, töflu 4 og töflu 5.

Tafla 4: Sala á eignarhlutum ríkisins í Landsbanka Íslands 1998 til 2003 (m.kr.)

Ár	Hluttur	Söluverð	Meðalstaða eigin fjár	Verð jafnt eigin fé	Verð Landsbanka Íslands m.t.t. eigin fjár	Verð m.t.t. eigin fjár í bönkum á Norðurlöndum	Verð m.t.t. eigin fjár í bönkum í Evrópu
Okt. 1998	15,4%	1.900	8.394	1.291	1,47x	1,97x	2,66x
Nóv. 1999	12,7%	3.288	10.566	1.341	2,45x	1,73x	2,83x
Júní 2002	20%	4.792	15.907	3.181	1,51x	1,36x	1,82x
Des. 2002	45,8%	11.179	16.309	7.470	1,50x	1,36x	1,82x
Feb. 2003	2,5%	634	16.309	573	1,11x	1,23x	1,62x
Samtals		21.793		13.856	1,57x		

Heimildir: Ársreikningar Landsbanka Íslands 1996-2003, Ríkisendurskoðun, Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003, desember 2003. Fréttir frá Kauphöllinni

¹ Verð m.t.t. eigin fjár í lok árs (7.047,2 m.kr.) að viðbættri eiginfjárukningunni (1.900,0 m.kr.) var 1,38x

Tafla 5: Sala á eignarhlutum ríkisins í Búnaðarbanka Íslands 1998 til 2003 (m.kr.)

Ár	Hluttur	Söluverð	Meðalstaða eigin fjár	Verð jafnt eigin fé	Verð Búnaðar- bankans m.t.t. eigin fjár	Verð m.t.t. eigin fjár í bönkum á Norðurlöndum	Verð m.t.t. eigin fjár í bönkum í Evrópu
Okt. 1998	14,6%	1.068	5.272	771	1,38x	1,97x	2,66x
Nóv. 1999	13,7%	2.235	6.604	905	2,47x	1,73x	2,83x
Des. 2002	45,8%	11.2450	15.192	6.958	1,62x	1,36x	1,82x
Mars 2003	9,11%	2.492	15.192	1.384	1,80x	1,23x	1,62x
Samtals		17.040		10.019	1,70x		

Heimildir: Ársreikningar Búnaðarbanka Íslands 1996-2003, Ríkisendurskoðun, Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003, desember 2003. Fréttir frá Kauphöllinni

Samkvæmt frétt Morgunblaðsins 31. júlí 1998 sýndi Skandinaviska Enskilda bankinn (SEB) áhuga á að kaupa meirihluta í Landsbanka Íslands sumarið 1998, stuttu áður en ríkið dró úr eignarhaldi sínu.² Skilyrði sænska bankans fyrir kaupunum, skv. fréttinni, voru þó þau að hann eignaðist meirihluta í Landsbanka Íslands eða ráðandi minnihluta, þannig að SEB réði yfir Landsbanka Íslands miðað við dreifða eignaraðild. Ekki liggja fyrir upplýsingar um verðhugmyndir SEB eða afdrif samningaviðræðna.

Með lögum nr. 93/1999 um breytingu á lögum nr. 50/1997 var veitt heimild til að selja um 15% af hlutafjareign ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Með sölnunni var ætlunin að uppfylla skilyrði Kauphallarinnar um að a.m.k. 25% hlutafjár og atkvæðisréttar skráðra félaga yrðu í dreifðri eign. Í nóvember 1999 voru boðnar 825 m.kr. að nafnvirði, eða 12,7% til sölu í Landsbanka Íslands. Ákveðið var að 2/3 hluta yrðu boðnir almenningi til kaups með hlutafjáraskrift, en afgangurinn með tilboðssölu. Heildarsöluverðið var 3.288 m.kr. og verð m.t.t. eigin fjár 2,45x.

Á sama tíma var hlutafé að nafnverði um 550 m.kr., eða 13,7%, boðið til sölu í Búnaðarbanka Íslands. Sami háttur var hafður á sölu og hjá Landsbanka Íslands, þ.e. 2/3 með áskriftarfyrirkomulagi til almennings og 1/3 með tilboðssölu. Heildarsöluverðið var 2.235 m.kr. og verð m.t.t. eigin fjár 2,47x. Verðið á hlutum viðskiptabankanna í sölnunni 1999 var því vel yfir verðmæti bókfærðs eigin fjár. Eftir sölnuna var hluttur ríkisins í Landsbanka Íslands 71,9% og í Búnaðarbanka Íslands 72,4%.

Með lögum nr. 70/2001 um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands með síðari breytingum, var veitt heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Lagt var til að stór hluti í Landsbanka Íslands yrði seldur til kjölfestufjársfestis, þ.e. að seldur yrði a.m.k. 1/3 af heildarhlutafé í bankanum. Ákveðið var að viðhafa forval og síðan lokað útboð. Í október 2001 voru send bréf til valdra erlendra banka, sem þóttu líklegir til að sýna Landsbanka Íslands áhuga. Samkvæmt skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu sýndu aðeins tveir bankar áhuga á frekari viðræðum, en ekki er þess getið um hvaða banka er að ræða. Viðræður við þessa aðila skiluðu ekki tilætluðum árangri.³ Hinn 21. desember 2001 var tilkynnt að sölnunni væri frestað.

Í maí 2002 var ákveðið að selja 20% af heildarhlutafé Landsbanka Íslands í gegnum viðskiptakerfi Verðbréfabings Íslands. Sala hlutafjárins fór þannig fram, að Landsbanki Íslands lagði fram sölutilboð fyrir hönd ríkissjóðs í viðskiptakerfi Kauphallarinnar og athugaði jafnframt áhuga fagfjársfesta. Söluverðið nam um 4.792 m.kr. og var verðið m.t.t. eigin fjár 1,51x. Verðið var því lægra skv. þessum mælikvarða en það verð, sem greitt hafði verið fyrir bankann þremur árum áður. Hins vegar var verðið í samræmi við það verð, sem var á bönkum í Evrópu og á Norðurlöndunum á þeim tíma.

Einnig var ákveðið að auglýsa eignarhluti ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til sölu í júlí 2002 í kjölfar áhuga Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar (hér eftir Samson) á kaupum á að a.m.k. um þriðjungshlut í Landsbanka Íslands.

² <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/411628/>

³ Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, *Einkavæðing 1999-2003*, maí 2003


Í kjölfar auglýsingar hófust viðræður við Samson um kaup á Landsbanka Íslands sem leiddi svo til samkomulags, þar sem kveðið var á um sölu á um 45,8% hlut á rúmar 139 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmlega 12,3 milljarða króna miðað við þáverandi gengi. Vegna samningsákvæða og arðgreiðslna lækkaði greiðslan um tæpan 1,1 ma.kr. Endanlegt kaupverð, skv. skýrslu Ríkisendurskoðunar, var rúmir 11,2 ma.kr., eða 1,50x m.t.t. eigin fjár. Kaupverð m.t.t. eigin fjár var í samræmi við verð banka bæði á Norðurlöndum og í Evrópu.

Samhliða því sem eignarhlutir í Landsbanka Íslands voru auglýstir til sölu var hlutur ríkisins í Búnaðarbanka Íslands auglýstur til sölu. Í báðum tilfellum var auglýst eftir kaupanda að minnsta kosti 25% hlut. Eftir að búið var að velja Samson til viðræðna um kaup á Landsbanka Íslands stóðu eftir tveir hópar með áhuga á eignarhlutnum í Búnaðarbanka Íslands. Á endanum var samið við svokallaðan S-hóp um kaup á 45,8% hlut á 11,8 ma.kr., en líkt og í tilfelli Landsbanka Íslands varð endanlegt kaupverð lægra. Endanlegt kaupverð, skv. Ríkisendurskoðun, var um 11,4 ma.kr.⁴ en skv. ríkisreikningi virðist verðið hafa þó endað í um 11,2 ma.kr., eða 1,62x m.t.t. eigin fjár.⁵ Líkt og í tilfelli Landsbanka Íslands var verð m.t.t. eigin fjár í samræmi við verð banka bæði á Norðurlöndum og í Evrópu.

Bæði í tilfelli Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands átti lokagreiðsla að fara fram í lok desember 2003. Tilboðin voru sett fram í Bandaríkjadöllum, en gengi krónunnar styrktist nokkuð á tímabilinu, svo söluverðið lækkaði í krónum. Einnig var hlutur ríkisins afhentur í nokkrum skrefum, en arðgreiðslur ríkisins af þeim hlutum, sem ríkið hélt enn á, drógust frá kaupverði bankanna. Þannig átti ríkið um 8,9% í Kaupþingi skv. hluthafaskrá Kaupþings frá maí 2003, þegar Kaupþing sameinaðist Búnaðarbanka Íslands.

Í mars 2003 var 9,11% hlutur í Búnaðarbanka Íslands og 2,56% hlutur í Landsbanka Íslands seldur. Sami háttur var hafður á við sölu á framangreindum hlutum og þegar 20% hlutur Landsbanka Íslands var seldur árið áður. Söluverð 9,11% hlutar í Búnaðarbanka Íslands nam 2.492 m.kr., eða 1,80x m.t.t. eigin fjár. Söluverð 2,54% í Landsbanka Íslands nam um 634 m.kr. eða 1,11x m.t.t. eigin fjár.

Mynd 2: Þróun á eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og FBA 1997-2003



Þynning eignarhluta ríkisins fyrir utan sölu

Bent skal á að samtala sölu allra eignarhluta ríkisins í bönkunum hér að ofan nemur ekki 100% og er frávíkið töluvert í tilfelli Búnaðarbanka Íslands. Ástæða þess liggur í því að þynning varð á eignarhluta ríkisins í viðskiptabönkunum á tímabilinu. Árið 2000 eignaðist Landsbanki Íslands Heritable bankann, en við það var hlutfé bankans aukið úr um 6.500 m.kr. í 6.845 m.kr. og nam því þynningin um 5%. Töluvert meiri þynning átti sér stað á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands, en bankinn sameinaðist bæði Lýsingu og Gildingu árið 2001. Lýsing sameinaðist Búnaðarbanka Íslands haustið 2001 og var hlutfé

⁴ Ríkisendurskoðun, *Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998 -2003*, desember 2003

⁵ Ríkisreikningur 1998 til 2010

Búnaðarbanka Íslands aukið úr 4.250,0 m.kr. í 4.618,5 m.kr., og þynning á hlutfé ríkisins nam því um 8,0%. Í desember 2001 var Gilding svo sameinuð Búnaðarbanka Íslands og var hlutfé Búnaðarbanka Íslands aukið úr um 4.618,5 m.kr. í 5.433,2 m.kr. og nam því þynningin 15,0%. Þar sem skipt var á hlutfjáreign í viðskiptabönkunum og framangreindum félögum, og ekki var um að ræða raunverulega sölu á eignarhlutum ríkisins, verður ekki lagt hér mat á söluverð viðskiptabankanna í framangreindum viðskiptum.


Sala á eignarhlutum norska ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Við umræðu um mögulega sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum er einnig mikilvægt að líta til reynslu annarra landa, sem tekist hafa á við sambærilegar áskoranir.

Skýringarmyndin fyrir neðan sýnir þróun á eignarhaldi norska ríkisins í DnB, Christiania bank & Kreditkasse og Fokus bank frá 1992. Þegar rætt er um samanburð við Noreg ber þess að geta, að erfitt er að tímasetja upphaf norsku bankakreppunnar eins vel og þeirrar íslensku, en norska bankakreppan átti sér mun lengri aðdraganda.

Mynd 3 sýnir að norska ríkið losaði jafnt og þétt um eignarhlut sinn í Christiania bank & Kreditkasse og hélt á um þriðjungshlut þegar hann var seldur Nordea árið 2001. Norska ríkið hreyfði hins vegar lítið við hlut sínum í Fokus bank fyrst um sinn, en seldi þó bankann í einu lagi í almennu hlutfjárútboði árið 1995. Fokus bank var síðan keyptur af Den Danske Bank. Fyrst um sinn jók norska ríkið hlut sinn í DnB en seldi svo jafnt og þétt á tíu ára tímabili. Í árslok 2011 hélt norska ríkið enn á um þriðjung eignarhlut í bankanum.

Mynd 3: Þróun á eignarhlut norska ríkisins í bönkum 1992-2004



Heimild: Bankasýsla ríkisins

Sala á eignarhlutum sænska ríkisins í fjármálafyrirtækjum í kjölfar kreppunnar þar

Bankahrunið í Svíþjóð varð aldrei jafn umfangsmikið og á Íslandi. Sænska ríkisstjórnin eignaðist þó Nordbanken og Göta banken, þriðja og fjórða stærsta banka Svíþjóðar, að fullu. Erfiðleikar í rekstri fjármálastofnana byrjuðu að koma upp á yfirborðið í lok árs 1991 og yfirtaka ríkisins á framangreindum bönkum átti sér stað á árunum 1992 til 1993. Fyrir átti þó sænska ríkið um 71% í Nordbanken og aukning í nýju hlutfé ríkisins í því tilfelli nam aðeins um 29%. Alls fóru um 98% af öllum ríkisstuðningi til fjármálafyrirtækja vegna bankakreppunnar í Svíþjóð til þessara tveggja banka. Einn stærsti banki Svíþjóðar, Svenska Handelsbanken, þurfti ekki á neinum ríkisstuðningi að halda.

Þrátt fyrir að bankakreppan í Svíþjóð hafi ekki verið jafn umfangsmikil og hér, tók sænska ríkið fljótt þá afstöðu að skipta bönkunum, sem það tók yfir, í það sem stundum er nefnt „góða“ og „slæma“ banka. Þannig fóru lán, sem þurftu að fara í endurskipulagningu eða voru í verulegum vanskilum, í slæmu bankana. „Slæmu“ bankar Nordbanken og Göta banken voru stofnaðir í kjölfar yfirtöku ríkisins. Slæmu bankarnir voru svo sameinaðir undir nafni Securum árið 1995. Síðustu eignir Securum voru seldar um